



**Tegund eignar :** Sérhæð

**Bæjarfélag / Hverfi :** San Miguel de Salinas

**Izona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 2

**Baðherbergi :** 2

**Byggingarár :** 2024

**Sundlaug :** Í sameign

**Garður :** Í sameign

**Eignin snýr :** til suð-vesturs

**Útsýni :** Ósnortin náttúra & til sjávar

**Bílastæði :** Bílastæði í byggðarkjarna

**Fermetra stærð eignar :** 64,94 m<sup>2</sup>

**Stærð verandar :** 12,94 m<sup>2</sup>

**Stærð þaksvala :** 66,03 m<sup>2</sup>

**Flugvöllur :** 30 min

**Strönd :** 10 min

**Borg :** 7 min

**Golf :** 5 min

✓ Verönd

✓ Þaksva­lir

✓ Innbyggð loftkæling

Glæsileg efri hæð í raðhúsi í skemmtilega bænum San Miguel de Salinas, fallegum spænskum bæ með mikið líf allt árið um kring.

Íbúðin sem er 64,94m<sup>2</sup> er með 2 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum og björtu alrými með stofu og eldhúsi. Stórar þaksva­lir með frábæru útsýni fylgja einnig sem og aðgangur að sameiginlegum garði með tveimur sundlaugum, leiksvæði fyrir börn og græn svæði þar sem hægt er að njóta sólarinnar sem skín í allt að 300 daga á ári.

Bjóðum einnig upp á 3 herbergja íbúðir í þessum glæsilega nýja íbúðarkjarna.

Hér ertu nálægt allri þjónustu sem hugsast getur, veitingastaðir, súpemarkaðir, almenningssamgöngur o.fl. allt í göngufæri.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín biður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 15 mínútna ökufjarlægð að heiman.

Hafirðu áhuga á að spila golf, þá ertu komin á rétta staðinn, en innan við 8 km rás er að finna fjóra 18 holu golfvelli, s.s. Villamartin golfvöllinn, Campoamor Real Golf Klúbbinn, Las Ramblas golfvöllinn og Las Colinas vö­llinn.

Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!